

**Ákvörðun endurskoðendaráðs vegna kærðu A á meintum brotum stjórnarmanna B (C ehf. og D ehf.) E, F, G og H, áhættu- og gæðastjóra B, dags. 15.09.2020.**

**Upphaf málsins og kæruefni.**

Erindi vegna málsins barst til endurskoðendaráðs með bréfi dags. 21. júní 2017, en bréfinu fylgdi viðauki og fylgiskjöl 1 – 41. Þá barst ráðinu bréf dags. 11. júlí 2017 með yfirskriftinni *Ítarefni vegna kærðu til endurskoðendaráðs*.

Kært var vegna meintra grófra brota gegn endurskoðanda og starfsmanni C ehf. og meðeiganda J sf. Því var haldið fram að brotin vörðuðu m.a. ákvæði í siðareglum endurskoðenda og ákvæði ráðningarsamnings starfsmannsins.

Nánar tiltekið var kært vegna eftirfarandi háttsemi í sjö töluliðum:

- 1. Í fyrsta lagi er stjórnarformaður og stjórnarmenn B, sem allir eru endurskoðendur, kærðir fyrir að brjóta siðareglur endurskoðenda með því að dreifa mjög alvarlegum og ósönnnum ásökunum í tölvuskeyti, m.a. um lögbrot, til fjölda endurskoðenda án vitundar A og án þess að gefa honum tækifæri til að svara fyrir sig. Með tilgreindu tölvuskeyti vóg E og stjórnin öll gróflega að heiðri og heilindum A. Þeim mönnum sem barst þetta tölvuskeyti E, sem stjórnarformanns B, hafa enn í dag aðeins verið veittar einhliða upplýsingar um meintar málsástæður og þar með talin meint lögbrot A. Hér er um að ræða brot á siðareglum m.a. hvað varðar faglega hegðun, rétt til andsvara o.fl. Varðandi þennan lið vísar kærandi einkum til ákvæða 100.5, 110.1, 110.2, 120.1, 130.1 (b), 1. másl. 130.2, 130.4, 140.1, 140.2, 140.4, 140.8, 140.8, 150.1, 150.2 (b), 310.1 og 310.2, 320.1, 320.3, 320.4 og 320.6 í siðareglum endurskoðenda.*
- 2. Í öðru lagi eru stjórnarmenn B kærðir fyrir að fara ekki að ráðningarsamningi og veita A ekki neinn möguleika til að bæta úr mögulegum brotum í kjölfar áminningar. A var kynnt viðvörðun stjórnar, af hálfu forstjóra, 31. janúar sl. Allar tilgreindar málsástæður lágu fyrir á þeim tímapunkti. A fór erlendis laugardaginn 5. febrúar og kom til vinnu aftur mánudaginn 13. febrúar þegar honum var fyrirvaralaust sagt upp störfum m.a. með vísan til endurtekinna brota í kjölfar viðvörðunar forstjóra. Í umfjöllun hér á eftir um forsendur uppsagnar er fjallað ítarlega um ákvæði greina 4, 6 og 8 sem vísað er til í uppsagnarbréfi að A hafi brotið. Það hefur ekkert verið lagt fram sem sýnir að A hafi brotið tilvitnaðar greinar nema síður sé. Hér er um ósannaðar ávörðingar að ræða sem eiga að varða ákveðnar greinar í ráðningarsamningi. Varðandi þennan lið vísar kærandi einkum til ákvæða 120.1 og 140.8 (a og b) í siðareglum endurskoðenda.*
- 3. Í þriðja lagi eru bæði stjórnarmenn og áhættu- og gæðastjóri kærðir fyrir að gæta í engu að réttlátri og sanngjarnri málsmeðferð, rannsaka ekki með fullnægjandi hætti meint brot, leita aldrei upplýsinga hjá A um þau brot sem hann er sakaður um. Hér var um að ræða áburð um meint brot sem ollu honum starfsmissi og urðu til þess að eignarhluti hans í J sf. var innlestur af félaginu. Hér er rétt að vísa til málsins í heild og þeirrar staðreyndar að A fékk ekki að svara fyrir sig á neinu stigi málsins hvorki gagnvart þeim sem kynnt voru meint brot hans né heldur þeim meðeigendum hans sem þurftu að taka afstöðu til málsins. Hér er um brot á siðareglum að ræða. Varðandi þennan lið vísar kærandi einkum til ákvæða 110.1, 110.2 (c), 120.1, 140.8 (b), 150.1, 150.2 (b), 320.1 (c) og 320.3 (c) í siðareglum endurskoðenda.*
- 4. Í fjórða lagi er E, stjórnarformaður C ehf. og eftir atvikum aðrir stjórnarmenn sem að þeirri ákvörðun komu, kærðir fyrir að vísa A út af sérstökum kynningarfundum með meðeigendum hans þar*

sem farið var yfir meint alvarleg brot hans og honum því ekki undir nokkrum kringumstæðum leyft að skýra mál sitt en öll framsaga og kynning einhliða kynnt af E stjórnarformanni og H, áhættu- og gæðastjóra. Hér er um brot á siðareglum að ræða. Varðandi þennan lið vísar kærandi einkum til ákvæða 150.1, 150.2 (b), 320.1, 320.3 (c) og 340.3 í siðareglum endurskoðenda.

5. Í fimmta lagi er H, áhættu- og gæðastjóri B kærð fyrir að láta að því liggja í kynningu á meintum málsástæðum meðal endurskoðenda að A hafi lekið trúnaðargögnum viðskiptavinar. Að leka trúnaðarupplýsingum viðskiptavinar er án vafa eitt alvarlegasta brot sem endurskoðandi er sakadur um og slíkar ásanir krefjast þess að þær séu rannsakaðar til fullnustu áður en slíku er haldið fram og á það ekki hvað síst við um endurskoðanda sem heldur slíku fram og gegnir hlutverki áhættu- og gæðastjóra í endurskoðunarfélagi. Það er öllum endurskoðendum afar þungbært að fá á sig slíkan dóm og er viðkomandi gert erfitt að hreinsa sig af þannig rógburði enda þótt um rangar sakargiftir sé að ræða. Hér er um brot á siðareglum endurskoðenda og almennum samskiptareglum fagadila að ræða. Varðandi þennan lið vísar kærandi einkum til ákvæða 120.1, 140.8, (a og b), 150.2 (b), 330.2 (c) í siðareglum endurskoðenda.
6. Í sjötta lagi þá er stjórnarmaðurinn F kærður fyrir að víkja ekki úr sæti stjórnarmanns, vegna vanhæfis, við ákvörðun um brottrekstur A. F var vanhæfur til að taka þátt í ákvörðun um brottrekstur A enda hafði hann beinan fjárhagslegan hag af því að A yrði rekinn frá B og gert að innleysa hlut sinn í J sf. F setti málið af stað með kvörtun til áhættu- og gæðastjóra B vegna tveggja af þremur meintum málsástæðum uppsagnar A. Hér er um brot á siðareglum og hæfisreglum stjórnarmanna að ræða og brot á starfsreglum stjórnar B. Varðandi þennan lið vísar kærandi einkum til ákvæða 300.5, 300.7, 300.8, 110.1, 110.2, 150.1, 150.2 (b) og 340.3 í siðareglum endurskoðenda.
7. Í sjöunda lagi er E stjórnarmaður B kærður fyrir að vinna gegn því að A geti unnið fyrir sér, byggt á menntun sinni, reynslu og fagþekkingu án þess að eiga á hættu að hljóta fyrir vikið féviti af hálfu B vegna brota á samkeppnishömlum í ráðningarsamningi sem var rift einhliða á jafn umdeildum og veikum forsendum og hér er gerð grein fyrir. Framganga E er alvarleg aðför að réttindum manns til að vinna fyrir sér á eigin fagsviði og sjá þannig sér og sínum farborða. Hér er um að ræða brot gegn siðareglum endurskoðenda, starfsreglum stjórnenda B og stjórnarskrárvörðum réttindum. Varðandi þennan lið vísar kærandi einkum til ákvæða 300.4, 300.5, 100.5 (a og b), 110.1, 120.1, 150.1. í siðareglum endurskoðenda

### **Málsatvik**

Hinn 13. febrúar 2017 var A, endurskoðanda, sagt upp störfum hjá C ehf., en hann hafði þá starfað hjá félaginu og forvera þess í meira en 23 ár. Tilgreindar ástæður uppsagnarinnar voru m.a. að A hefði brotið gegn ákvæðum í ráðningarsamningi um óhæði og hagsmunaárekstra, auk brota á siðareglum og lögum um endurskoðendur. Þá er tilgreint að hann hafi brotið gegn innri reglum fyrirtækisins. Fram kom að um ítrekuð brot væri að ræða og að A hefði áður fengið áminningu vegna brota gegn óhæðisreglum. Í erindi kæranda til endurskoðendaráðs er fjallað ítarlega um ástæður uppsagnarinnar, framkvæmd hennar og kynningu fyrir samstarfsmönnum. Meðal annars er gerð athugasemd við að kæranda hafi verið vísað út af fundi þar sem meðeigendum hans hjá B hafi verið gerð grein fyrir uppsögninni og ástæðum hennar og að hann hafi ekki fengið aðgang að gögnum sem vörðuðu uppsögn hans og aðrar aðgerðir gegn honum þrátt fyrir eftirgangsmuni þar að lútandi.

## Málsmeðferð og sjónarmið aðila

### Helstu sjónarmið kæranda

Í kæru er málsatvikum nánar lýst á þann veg að á fundi kæranda með stjórn, forstjóra og áhættustjóra C ehf. þann 13. febrúar 2017 hafi honum verið sagt fyrirvaralaust upp störfum hjá C ehf. en hann hafi starfað hjá félaginu og forvera þess í yfir 23 ár. Í uppsagnarbréfi hafi komið fram að ástæður uppsagnar væru brot kæranda á 4., 6. og 8. gr. ráðningarsamnings, siðareglum endurskoðenda og ákvæðum laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, Sérstaklega hafi verið tilgreint að kærandi hafi í janúar 2017 átt aðild að kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem krafist hafi verið að fellt yrði úr gildi starfsleyfi til sjókvíaeldis sem veitt hafi verið K ehf. árið 2016 en kærandi hefði unnið fyrir L hf., móðurfélags K ehf. Einnig hafi komið þar fram að það væri mat stjórnar B að þetta bryti gróflega gegn innri reglum B, ákvæðum ráðningarsamnings og siðareglum endurskoðenda og að hann hafi skaðað fyrirtækið út á við. Þá hafi í bréfinu verið bent á að hann hefði áður gerst brotlegur við óhæðisreglur og fengið áminningu þannig að um endurtekin brot væri að ræða.

Eftir að uppsögn hafi verið kynnt kæranda hafi stjórnarformaður B sent tölvuskeyti til 30 manns innan fyrirtækisins og upplýst þar um uppsögnina og ástæður hennar. Þann sama dag hafi jafnframt verið boðað til kynningarfundar meðal 17 meðeigenda J sf. til að fara yfir ástæður brottvikningarinnar. Kærandi hafi ekki verið boðaður á fundinn en mætt að ósk nokkurra meðeigenda sinna. Hafi honum verið vísað af fundinum áður en kynning á meintum brotum hófst. Því hafi hann fengið takmarkaðar upplýsingar um brot sín og ekki fengið afrit af einhliða kynningu á umræddum brotum sem send hafi verið starfsmönnum fyrirtækisins. Þá hafi umboðsmanni hans ekki verið veittur aðgangur að gögnum máls þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Fram kemur í kæru að í uppsagnarbréfi hafi komið fram að kærandi hafi brotið gegn tölulíðum 1, 6 og 7 í 17. gr. ráðningarsamnings. Tilgreind ákvæði fjalli um óhæðis- og siðareglur innan eða utan skrifstofu, um það að starfsmaður skaði félagið eða álit þess út á við verulega og um það ef starfsmaður brjóti í veigamiklum atriðum gegn ákvæðum ráðningarsamnings. Það sé afstaða kæranda að þetta sé rangt.

Þá vísar kærandi til viðauka 1 með kæru að því er varðar ítarlegri málavexti, forsendur og framkvæmd, m.a. til greinargerðar þriggja endurskoðenda um málið sem send hafi verið stjórn B þann 17. febrúar 2017. Þar komi m.a. fram sú afstaða þeirra að tilgreindar ástæður uppsagnar hafi í öllum tilvikum verið smávæglegar og ekki verði sagt að kærandi hafi haft beinan persónulegan hag af þeim. Þá hafi hvorki B né viðskiptavinir þess orðið fyrir skaða vegna þeirra mála sem á hann séu borin og kynnt af stjórnendum fyrirtækisins sem mjög alvarleg og ítrekuð brot sem orðið hafi fyrirtækinu til álitshnekkis. Þeir telji að aðgerðir stjórnenda fyrirtækisins hafi verið bæði ósanngjarnar og tilefnislausar.

Það sé alvarlegt að veita kæranda ekki færi á að verja sig og skýra mál sitt áður en meint brot hans voru borin á bord fyrir fjölda félagsmanna og kynnt sem lögbrot, m.a. þegar litið sé til siðareglna endurskoðenda. Umræddar aðgerðir gegn eiganda J sf. hafi verið óviðunandi í ljósi hagsmunatengsla a.m.k. eins stjórnarmanns og eiganda J sf. sem staðið hafi að aðgerðunum og haft persónulegan hag af því að kæranda væri sagt upp störfum. Aðgerðir stjórnenda B séu án fordæmis og fullkomlega tilefnislausar þegar horft sé til þeirra atriða sem byggt sé á.

Fram kemur að þrjú meint brot kæranda hafi verið nefnd á kynningarfundum stjórnar vegna uppsagnar hans. Í fyrsta lagi stórfelldar fjárfestingar í endurskoðunarviðskiptavinum, í öðru lagi undirritun áritunar endurskoðanda á reikningsskil sem verið hafi í umsjón annars meðeiganda J sf. og í þriðja lagi

hagsmunaráreksstrar í tengslum við stjórnslukæru sem beint hafi verið gegn viðskiptavini B. Engar af framangreindum ásökunum séu réttmætur grundvöllur jafn harkalegra aðgerða og fyrirvaralaus uppsögn með eins mánaðar uppsagnarfresti gefi til kynna. Ekki sé um lögbrot að ræða og ef um óhæðisbrot sé að ræða hafi þau verið fullkomlega án vitundar kæranda, ekki framkvæmd af honum sjálfum og geti seint talist alvarleg eða skaðleg. Þeir stjórnendur sem staðið hafi að uppsögninni og krafist þess að hann seldi eignarhluta sinn í J sf. hafi ekki spurt kæranda út í neitt þessara atvika eða gert honum með neinum hætti viðvart um þær aðgerðir og aðför að orðspori sem byggja ætti á þeim.

Þá er í kæru og fylgigögnum fjallað ítarlega um þau meintu brot sem uppsögn byggðist á og rök færð fram gegn því að þau réttlættu uppsögn. Þar sem fjallað hefur verið um þetta atriði í dómsmáli og endanleg niðurstaða þess liggur fyrir, verður ekki fjallað frekar um það hér.

#### Sjónarmið kærðu vegna kæru dags. 21. júní 2017

Kærðu var boðið að koma að sjónarmiðum sínum vegna kærunnar með bréfum til þeirra hvers um sig, dags. 20. júlí 2017. Í framhaldi af því bárust endurskoðendaráði, með bréfi lögmanns þeirra dags. 25. september 2017, upplýsingar um að kærandi hafi höfðað mál fyrir héraðsdómi Reykjaness gegn kærðu og fleiri aðilum og byggði það dómsmál á sömu atriðum og framangreind kæra. Aðilum var boðið að koma að sjónarmiðum varðandi það hvort rétt væri að endurskoðendarád fjallaði um málið á sama tíma og það væri til umfjöllunar hjá dómstólum, auk þess sem leitað var lögfræðialits um það atriði. Niðurstaðan varð sú að taka málið til efnislegrar meðferðar og var aðilum tilkynnt um þá niðurstöðu og kærðu gefinn frestur til að koma að athugasemdum vegna kærunnar í framhaldi af því. Athugasemdir kærðu bárust með bréfi dags. 30. apríl 2018, ásamt fylgigögnum. Þar voru færð rök fyrir því að ekki ætti að fjalla um málið hjá endurskoðendaráði á meðan dómsmál væri í gangi og nefnd álitserð dregin mjög í efa. Meðal annars var þar nefnt fordæmi endurskoðendaráðs, sbr. úrskurð frá 4. febrúar 2014, þar sem fram kom að það sé *...viðtekin venja að fjalla ekki um mál á stjórnslustigi um leið og þau eru til meðferðar hjá dómstólum*. Þá var vísað var til álits Umboðsmanns Alþingis nr. 1311/1994 í þessu sambandi.

Í umræddu bréfi var jafnframt gerð grein fyrir afstöðu kærðu til þeirra álitaefna sem fram komu í kæru sem og málsatvika. Í bréfinu voru ástæður starfsloka kæranda raktar og á hvern hátt hann var talinn hafa brotið gegn skyldum sem á honum hvíldu sem starfsmanni og eiganda hjá B. Jafnframt var þar gerð grein fyrir úttektum sem gerðar hefðu verið á óhæði kæranda, t.d. á árinu 2014 þar sem í ljós hafi komið að kærandi átti eignarhlut í félagi sem var í endurskoðun hjá B frá fjárhagsárinu 2013. Jafnframt hafi í minnisblaði verið getið um tvö önnur brot, síður alvarleg, er vörðuðu nákvæmni og vanrækslu tímanlegrar skráningar upplýsinga í óhæðiseftirlitskerfi. Í mars 2015 hafi eigendum verið tilkynnt að B hafi orðið hlutskarpast í útboði Arion banka hf. á endurskoðun bankans og dótturfélaga hans, þ.á m. Stefni hf. Hafi eigendur verið upplýstir um að litið væri á hlutdeildareign í sjóðum í rekstri hjá Stefni sem fjárhagsleg tengsl í skilningi óhæðisreglna og þeim veittur tveggja vikna frestur til að selja slíkar eignir. Stefnandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar að þessu leyti fyrr en að sjö mánuðum liðnum. Þá hafi hluti fjármuna kæranda verið færður í stýringu hjá Júpiter rekstrarfélagi hf. sem einnig hafi verið endurskoðað af B. Í óhæðiskönnun á kæranda 2016 hafi enn komið í ljós tvö brot á siðareglum endurskoðanda og innri reglum B. Þar hafi verið um að ræða eign sona kæranda í félögum í endurskoðun hjá B. Í öðru tilvikinu hafi verið búið að selja viðkomandi eign en eignarhaldið hafi þó varað í nokkurn tíma. Þá er upplýst að kærandi hafi verið eini meðeigandi B sem uppvís hafi orðið að brotum í alvarleikaflokkum 1-3 öll umrædd þrjú ár.

Í bréfi kærðu er jafnframt gerð grein fyrir áritun kæranda á ársreikning án fullnægjandi heimildar. Á þessum tíma hafi kærandi starfað sem yfirmaður fjármálaráðgjafar B. Hafi hann sem slíkur ekki sinnt endurskoðun

viðskiptavina og verið það óheimilt. Þrátt fyrir það hafi hann áritað skýrslu óháðs endurskoðanda M ehf., vegna ársins 2015. Kærði, F, hafi á þessum árum borið ábyrgð á viðskiptavininum, en hann hafi ekki komið að áritun ársreikningsins og ekki verið upplýstur um það að kærandi hafi þvert á innri reglur B áritað ársreikninginn.

Þá er í bréfi kærðu gerð nánari grein fyrir hagsmunaárekstrum sem vörðuðu viðskiptavin B. Nánar tiltekið hafi kærandi verið einn af eigendum jarðarinnar Rauðumýri við Ísafjarðardjúp. Hann hafi ásamt fleirum sent inn kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 6. janúar 2017 þar sem þess var krafist að starfsleyfi sem Umhverfisstofnun hafði veitt K ehf. til sjókvíeldis yrði fellt úr gildi eða afturkallað. Það hafi kærandi gert þrátt fyrir að með ráðningarbréfi dags. 5. janúar 2015 hafi B tekið að sér að fara yfir viðskiptaáætlun og framkvæma virðisútreikning á fiskeldisverkefni L ehf., móðurfélags K ehf.

Í kjölfar fundar stjórnar þann 31. janúar 2017 hafi forstjóri B rætt við kæranda og veitt honum viðvörðun. Þann 13. febrúar 2017 hafi honum verið sagt upp störfum og ástæður uppsagnarinnar tilgreindar á fundi með kæranda og í bréfi sem honum hafi verið afhent.

Í bréfi kærðu er aðallega á því byggt að vísa beri málinu frá endurskoðendaráði en að kærðu hafni jafnframt öllum efnislegum kæruatriðum um meint brot þeirra á siðareglum. Í því sambandi benda kærðu á að kærandi hafi höfðað einkamál gegn þeim fyrir héraðsdómi Reykjaness vegna meintrar ólögmætrar uppsagnar á ráðningarsamningi hans og innlausnar eignarhlutar. Máltilbúnaður sé í mörgum atriðum sambærilegur enda varði umrætt dómsmál sömu atriði og hér séu til skoðunar. Þá er á það bent að ástæða kunni að vera fyrir endurskoðendaráð að vísa máli frá sé sama mál til meðferðar hjá dómstólum. Um það atriði er vísað til álits Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1311/1994. Efnisleg meðferð málsins af hálfu endurskoðendaráðs á því stigi bryti í bága við meginreglu íslenskra laga og réttarfars um að sama mál verði ekki rekið fyrir tveimur valdbærum úrlausnaraðilum á sama tíma.

Í bréfi kærðu er vikið að einstökum kæruliðum og afstöðu kærðu til þeirra:

*1) Tölvupóstur E til meðeigenda 13. febrúar 2017*

Í bréfi kærðu er rakin afstaða þeirra til meintra brota á siðareglum endurskoðenda. Þar er gerð grein fyrir afstöðu þeirra til tölvupósts stjórnarformanns B, f.h. stjórnar til meðeigenda B. Þar sé nánari grein gerð fyrir ástæðum starfsloka kæranda og sé sú frásögn í fullu samræmi við raunverulegar og lögmætar ástæður uppsagnar hans. Kemur þar fram að því sé hafnað að kærðu hafi vegið að heiðri og heilindum kæranda. Jafnframt er á það bent að í dómsmáli vegna þessa hafi kærandi gert kröfu um miskabætur úr hendi kærðu og fleiri aðila, á þeim grundvelli að umræddur tölvupóstur hafi falið í sér ólögmæta meingerð í garð kæranda. Þessi atriði hafi því verið til efnislegrar meðferðar hjá héraðsdómi Reykjaness.

*2) Brot á ráðningarsamningi og réttur til úrbóta í kjölfar áminningar*

Í bréfi kærðu er jafnframt gerð grein fyrir afstöðu þeirra til brota kæranda á ráðningarsamningi og rétti hans til úrbóta í kjölfar áminningar. Eru þar rakin atriði sem snúa að skuldbindingum kæranda samkvæmt ráðningarsamningi til að fylgja siðareglum endurskoðenda og óhæðis- og siðareglum B. Jafnframt er vísað til ákvæða laga nr. 79/2008, einkum ákvæða 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 19. gr. og 3. mgr. 19. gr. Kærandi hafi í þrjú ár í röð orðið uppvis að því að víkja frá óhæðisreglum sem teljist varða við siðareglur endurskoðenda, einkum reglu 290.108. Samkvæmt innri reglum B um refsíákvæði vegna brota á óhæðisreglum, viðauka við þær reglur og agareglur, teljist ítrekuð alvarleg brot vera vítaverð og leiða til viðvörðunar og jafnvel fyrirvaralausrar uppsagnar.

Þá hafi áritun kæranda á skýrslu óháðs endurskoðanda vegna endurskoðunar M ehf., falið í sér brot gegn innri reglum B. Kærandi hafi ekki uppfyllt skilyrði til þess og ekki haft samráð við sviðsstjóra endurskoðunarviðs og gæða- og áhættustjóra vegna undirritunar ársreikninga. Af þeim sökum hafi honum verið óheimilt samkvæmt innri reglum B að árita skýrslu óháðs endurskoðanda um endurskoðun. Jafnframt hafi háttsemi kæranda farið í bága við 11. gr. laga nr. 79/2008.

Þá er í bréfinu gerð grein fyrir þeirri afstöðu kærðu til meintra brota kæranda á siðreglum endurskoðanda, einkum ákvæðum kafla 220 þar sem fjallað sé um hagsmunaárekstra og innri reglum B um hugsanlega hagsmunaárekstra, þegar hann hafi tekið að sér vinnu fyrir L hf., vegna K ehf. Í því sambandi er vísað til reglna 220.1, 220.3, 220.4 og 220.5. Jafnframt er þar vísað til kafla 120. Telji þau að kærandi hafi brotið gegn þessum ákvæðum. Þau telji að uppsögn á ráðningarsamningi hafi verið lögmæt og að þeim hafi engin skylda borið til að gefa kæranda tíma til úrbóta í kjölfar áminningar. Einnig er til þess vísað að framangreind háttsemi hafi á umræddum tíma verið til efnismeðferðar fyrir héraðsdómi Reykjaness í dómsmáli milli aðila.

### *3) Ósanngjörn meðferð máls*

Af hálfu kærðu er bent á að öll meðferð málsins hafi verið í samræmi við ráðningarsamning aðila og gildandi lög og reglur. Þá hafi engin skylda hvílt á kærðu að rannsaka mál frekar en gert hafi verið. Því sé enn fremur hafnað að kærandi hafi ekki fengið að koma að sjónarmiðum sínum eins og fullyrt sé í kæru og upplýst að kærandi hafi haldið hálf tíma ræðu á fundi eigenda þann 7. mars 2017. Því sé hafnað að háttsemi kærðu hafi farið í bága við siðareglur sem vísað sé til í kæru.

### *4) Kæranda vísað af kynningarfundum og skortur á málsvörn*

Af hálfu kærðu er því hafnað að kærandi hafi ekki fengið að koma að sjónarmiðum sínum. Þá telji þau réttmætt að kærandi hafi ekki tekið fullan þátt í meðferð máls síns innan eigendahóps B þar sem til meðferðar hafi verið erfið og umdeild ákvörðun um uppsögn ráðningarsamnings eiganda og innlausn eignarhlutar hans. Því sé hafnað að háttsemi kærðu hafi þar brotið í bága við þau ákvæði siðareglna sem vísað sé til í kæru. Jafnframt telji kærðu að ákvæði 36. gr. laga nr. 50/2007 hafi átt við þegar fjallað hafi verið um innlausn á eignarhlut kæranda.

### *5) Leki á trúnaðargögnum*

Í bréfi kærðu er því mótmælt sem röngu að H hafi látið að því liggja í kynningu á meintum málsástæðum meðal endurskoðanda að kærandi hafi lekið trúnaðargögnum viðskiptavinar. Fullyrðingar hvað það varði séu rangar og að öllu leyti ósannar. Því sé hafnað að háttsemi kærðu hafi farið í bága við þau ákvæði siðareglna sem vísað sé til í kæru.

### *6) Vanhæfi F*

Fram kemur að kærði, F, hafni því alfarið að þátttaka hans í ákvarðanatöku í málinu hafi farið í bága við siðareglur eða almennar hæfisreglur. Telji hann að meðferð máls kæranda á fundum stjórnar og eigenda hafi að öllu leyti verið í samræmi við lög, starfsreglur stjórnar og aðrar innri reglur B. Því sé hafnað að háttsemi hans hafi brotið gegn ákvæðum siðareglna sem vísað sé til í kæru. Þá bendi hann á að fjallað hafi verið um lögmæti ákvörðunar B um uppsögn kæranda, þ.á. m. meðferð máls hans á innanhússfundum, í áður nefndu dómsmáli.

### 7) Samkeppnishömlur í ráðningarsamningi

Af hálfu kærðu er því hafnað að ákvæði úr ráðningarsamningi kæranda og B frá 30. september 2009, sbr. 19. gr., feli í sér alvarlega aðför að rétti kæranda til að vinna fyrir sér á sínu fagsviði. Því sé hafnað að skuldbinding sem kærandi hafi gengist undir með 19. gr. samningsins skerði með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi hans. Enginn aðstöðumunur hafi verið milli aðila þegar ráðningarsamningur var gerður enda hafi kærandi sjálfur verið framkvæmdastjóri D ehf. og auk þess A-félagsmaður og því óbeinn eigandi D ehf. Samkeppnishömlur sem um ræði eigi rætur að rekja til samkomulags A-félagsmanna B og hafi umræddar reglur verið í gildi hjá félaginu um árabíl. Af hálfu kærðu sé því alfarið hafnað að umrædd háttsemi varði við þau ákvæði siðareglna sem vísað sé til í kæru, starfsreglur stjórnenda B og stjórnarskrárvarin réttindi kæranda. Þá er vísað til þess að framangreint samkeppnisákvæði hafi verið meðal ágreiningsmála fyrir héraðsdómi.

### Nánar um málsmeðferð

Nokkuð var fjallað um hæfi ráðsmanna í endurskoðendaráði í aðdraganda úrskurðar í málinu. Einn kærðu, H, var á þeim tíma aðalmaður í ráðinu og vék hún sæti þegar við upphaf málsmeðferðar, sbr. bókun á fundi 17. nóvember 2017. Þá vék formaður ráðsins, Áslaug Árnadóttir, einnig sæti í málinu þegar í ljós kom að samstarfsmaður hennar var lögmaður aðila í ofangreindu dómsmáli, auk þess sem starfsmaður ráðsins, sem einnig var samstarfsmaður lögmannsins, vék sæti. Fjallað var um hvort aðrir ráðsmenn væru hæfir til að taka þátt í meðferð málsins, en þeir höfðu flestir setið með H í ráðinu um árabíl. Niðurstaðan, m.a. með hliðsjón af lögfræðialiti sem aflað var um þetta atriði, var sú að aðrir en H og Áslaug, auk starfsmannsins, væru hæfir til að taka þátt í meðferð málsins.

Úrskurður í málinu var kveðinn upp af endurskoðendaráði hinn 9. nóvember 2018. Niðurstaðan varð sú að kærðu hefðu ekki gerst brotleg við ákvæði þágildandi laga nr. 79/2008 um endurskoðendur eða siðareglur endurskoðenda, fjórum kæruliðum af sjö var vísað frá þar sem þeir ættu ekki undir lögsögu endurskoðendaráðs, en þrír teknir til efnismeðferðar. Kærandi sendi ráðinu tvö erindi í nóvember og desember 2018 og krafðist rökstuðnings fyrir úrskurðinum og gerði m.a. athugasemdir við það að hafa ekki fengið tækifæri til andmæla eftir að kærðu höfðu komið sínum athugasemdum á framfæri. Þessum erindum var ekki svarað. Kærandi leitaði síðan til Umboðsmanns Alþingi hinn 23. janúar 2019 og kvartaði yfir úrskurði endurskoðendaráðs frá 9. nóvember 2018. Eftir málsmeðferð hjá umboðsmanni Alþingis, var það niðurstaða hans að mat á hæfi aðalmanna í endurskoðendaráði í málinu hafi ekki verið í samræmi við 6. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Mæltist hann til þess að endurskoðendaráð tæki mál kæranda til meðferðar að nýju, kæmi fram beiðni þess efnis frá honum. Umboðsmaður hafði áður áréttað að hann einskorðaði athugun sína á málinu við þetta atriði og kom m.a. fram að hann tæki með niðurstöðu sinn enga afstöðu til niðurstöðu endurskoðendaráðs um valdsvið ráðsins. Taldi hann að ef málið kæmi til meðferðar að nýju yrði það að vera hlutverk ráðsins að taka afstöðu til þess hvort málið ætti undir valdsvið þess, m.a. að undangenginni ákvörðun um hæfi ráðsmanna til meðferðar málsins.

Hinn 1. janúar 2020 tóku gildi ný lög um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019. Þótt um efnisatriði máls þessa og háttsemi þá sem kært er vegna hljóti að gilda eldri lög, sem voru í gildi þegar atburðir þeir sem fjallað er um, urðu, verður litið svo á að um málsmeðferðina eftir gildistöku nýju laganna, verði þau lögð til grundvallar. Sú breyting var m.a. gerð með nýjum lögum að endurskoðendaráð er nú skipað þremur aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum, í stað fimm áður. Nýskipað endurskoðendaráð fundaði 6. janúar 2020 og var þá fært til bókar að formaður ráðsins, Áslaug Árnadóttir og Hildur Árnadóttir, aðalmaður í ráðinu, vikju sæti í máli þessu, en aðalmaðurinn Jón Arnar Baldurs teldist hæfur til að fjalla um málið, en

hann tók sæti í ráðinu í ársbyrjun 2020. Gengið var út frá því á fundinum að málið yrði tekið til meðferðar að nýju í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis. Auk Jóns Arnars skipa ráðið við meðferð málsins, Anna Mjöll Karlsdóttir, varamaður formanns og Jóhann Gunnar Jóhannsson, varamaður.

Hinn 25. febrúar 2020 var aðilum málsins tilkynnt að málið hafi verið tekið til meðferðar að nýju og upplýsingar veittar um það hverjir skipuðu ráðið við meðferð þess. Var aðilum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum varðandi málið, meðferð þess og hæfi ráðsmanna.

#### Sjónarmið kæranda vegna andmæla kærðu í bréfi dags. 25. september 2017.

Í erindi kæranda til endurskoðendaráðs dags. 10. mars 2020 þar sem fram komu andmæli hans og fylgigögn kom jafnframt fram að ekki væri gerð athugasemd við skipun ráðsins.

Þar kemur fram að við fyrri meðferð málsins hjá endurskoðendaráði hafi hvorki verið gætt andmælaréttar kæranda né rannsóknarreglu stjórnsýslulaga fyrir uppkvaðningu úrskurðar í málinu. Kærðu hafi skilað greinargerð til endurskoðendaráðs sem kærandi hafi ekki fengið að sjá fyrr en eftir að úrskurður lá fyrir. Þar sem verulegar rangfærslur um málavexti hafi komið fram í greinargerðinni telji kærandi nauðsynlegt að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Varðandi 13. lið greinargerðar kærðu þar sem lýst sé óhæðiskönnun á kæranda á árinu 2014 ítrekar kærandi áður fram komin sjónarmið sín um að fjármunir hans hafi þá verið eignastýringu í fjármálafyrirtæki, hlutabréf hans verið seld í kjölfar athugasemda og engir eftirmálar orðið af því á þeim tíma.

Varðandi 14. lið greinargerðar kærðu þar sem því sé lýst að kærandi hafi átt verulega eign hjá Stefni verðbréfasjóði upplýst að hann og eiginkona hans hafi átt verðbréf í þeim sjóði frá árinu 2009, einkum ríkisbréf. Sama dag og tilkynnt hafi verið um að Arion banki hf. hafi verið tekinn í viðskipti hjá B hafi kærandi upplýst um umrædda eign. Hafi honum verið gert að selja hana innan skynsamlegra tímamarka sem hann hafi gert sjö mánuðum síðar en þá hafi vinna B við endurskoðun bankans varla verið hafin. Ekki hafi orðið eftirmálar vegna þessa.

Í 15. og 16. lið þar sem einnig sé fjallað um eignir kæranda og eiginkonu hans í sjóðum Stefnis sé um beinar rangfærslur að ræða. Eignasafnið hafi aldrei verið í stýringu hjá Stefni hf. heldur Arion banka hf. Eignirnar hafi ekki verið færðar til Júpiters Rekstrarfélags eða GAM Management hf. eins og lýst sé í greinargerð kærðu heldur hafi verið selt í sjóðum Stefnis og fjárfest í sjóðum hjá Júpiter og GAM.

Þá ítrekar kærandi að þar sem eignir hans hafi verið í eignastýringu hafi hann ekki komið sjálfur að ákvörðunum vegna einstakra fjárfestinga sinna. Á umræddum tíma hafi ekki verið litið svo á að kærandi hafi gerst brotlegur gagnvart reglum fyrirtækisins vegna þessa.

Varðandi 17. lið þar sem lýst sé tveimur brotum kæranda sem komið hafi í ljós við óhæðisúttekt árið 2016 ítrekar kærandi jafnframt áður fram komin sjónarmið sín að því er varðar eignir fjárráða sona sinna. Hafi því máli lokið án þess að talið væri að um brot væri að ræða.

Að því er varðar þau atriði sem fram komi í 19. lið þar sem látið sé að því liggja að kærandi hafi litið það léttvægum augum að hafa átt í hlutafélaginu Sjóvá-Almennum tryggingum sem honum hafi ekki verið heimilt eða að hann hafi fjárfest í sjóðum sem honum hafi ekki verið heimilt að eiga í þá sé það rangt. Eins og lýst hafi verið hafi kærandi ávallt brugðist við athugasemdum vegna framangreindra atriða.



Að því er varði staðhæfingar kærðu í 20.-21. lið varðandi áritun kæranda á ársreikning án fullnægjandi heimildar sé vísað til fyrri sjónarmiða. Tíðkast hafi innan B að eigendur/löggiltir endurskoðendur árituðu ársreikninga þótt þeir væru á öðrum sviðum en endurskoðunarsviði.

Varðandi 23. lið þá hafnar kærandi alfarið því sem þar kemur fram. Kærandi hafi aldrei verið aðili að dómsmáli fyrir en hann sjálfur hafi höfðað það mál sem varði brottrekstur hans frá B. Að mati kæranda hafi engir hagsmunaárekstrar verið til staðar eins og lýst sé að framan og fjárhagslegir hagsmunir hans því tengdir verið mjög óverulegir. Hafi kærandi undirritað umrædda kæru sem einn af mörgum landeigendum við Djúp.

Varðandi 28. lið í andmælum kærðu þar sem rætt sé um þá afstöðu erlendra aðila innan B til málsins að rétt væri að víkja kæranda úr starfi sínu og eigendahópi félagsins, þá liggi ekki fyrir með hvaða hætti þeir aðilar hafi verið upplýstir um málið og þau álitæfni sem þar um ræðir.

Þá segir að í 29. lið sé blandað saman tveimur fundum í frásögn sem beinlínis villi um fyrir lesendum. Hið rétta sé að kærandi hafi verið rekinn út af fundi eigenda félagsins þann 13. febrúar 2017 þar sem fjallað hafi verið um ástæðu brottrekstrar hans. Fundurinn sem haldinn hafi verið þann 7. mars 2017 hafi verið um annað fundarefni, eða innlausnarskyldu kæranda á eign sinni í félaginu. Kæra hans sem sé til meðferðar hjá endurskoðendaráði varði ekki að neinu leyti framgöngu kærðu á þeim fundi, svo þar sé ranglega sagt frá.

Vegna 30. – 37 liða bendir kærandi á að hann telji að ekki eigi að vísa málinu frá endurskoðendaráði eins og gagnaðilar hans krefjast. Um endurskoðendaráð sé fjallað í V. kafla laga nr. 79/2008 en í 1. mgr. 15. gr. þeirra laga segi að hlutverk ráðsins sé að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga, siðareglna endurskoðenda og aðrar reglur sem taki til starfa endurskoðenda. Þá gildi um störf þess starfsreglur endurskoðendaráðs. Áréttað er að erindi það sem hér er fjallað um er dags. 10. mars 2020, en þá höfðu tekið gildi ný lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 í 35. gr. þeirra laga er fjallað um hlutverk endurskoðendaráðs. Kæran fjalli nákvæmlega um þessi atriði og telji kærandi að kærðu hafi brotið gegn framangreindum lögum eins og rökstutt sé í kærinni.

Varðandi lið 64 og áfram í greinargerð kærðu bendir kærandi á að þar sé því haldið fram að hann hafi fengið áminningu vegna meintra frávika frá reglum sem sé rangt. Samkvæmt fundargerð stjórnar B hafi kærandi aðeins einu sinni fengið viðvörðun en aldrei áminningu. Viðvörðunin hafi verið vegna eigna sona kæranda í Stefni-Samvali sem áður hefur verið lýst. Annar sona hans hafi verið búinn að selja en hinn selt strax eftir viðvörðun. Kærandi hafi brugðist við í samræmi við agareglur fyrirtækisins. Framsetning í greinargerð kærðu til endurskoðendaráðs sé röng að því leyti að um áminningu hafi verið að ræða. Einnig sé hún villandi þar sem ljóst sé að enginn geti veitt eiganda fyrirtækisins viðvörðun, áminningu eða annað vegna brota hans nema stjórn félagsins. Þá liggi fyrir að kærandi hafi aðeins einu sinni fengið viðvörðun af hálfu stjórnar, á fundi með forstjóra B þann 31. janúar 2017, en í úrdrætti fundargerðar komi skýrt fram að um viðvörðun sé að ræða. Ekkert komi þar fram um áminningu eða önnur viðbrögð vegna óhæðisúttektar 2016.

#### Sjónarmið kærðu vegna andmæla kæranda í bréfi dags. 10. mars 2020

Engin viðbrögð bárust frá kærðu við bréfi endurskoðendaráðs dags. 25. febrúar 2020. Rétt þótti að gefa þeim kost á að kynna sér andmæli og gögn kæranda frá 10. mars 2020 enda gætu þar verið nýjar upplýsingar. Gefinn var frestur til 27. mars 2020, en þann dag barst erindi frá lögmanni kærðu, þar sem óskað var eftir auknum fresti. Samþykkt var að veita frest til 8. apríl 2020 og bárust andmæli kærðu þann

dag. Af hálfu kærðu var ekki gerð athugasemd við skipan ráðsins en í andmælunum kom m.a. eftirfarandi fram.

Kærðu vísa til fyrri samskipta við endurskoðendaráð, þ.m.t. athugasemda þeirra sem og úrskurðar ráðsins dags. 9. nóvember 2018. Fram kemur að ekkert hafi gerst eftir framangreindan úrskurð sem geri það að verkum að niðurstaða endurskoðendaráðs ætti að vera önnur en hún þá var.

Hvað varði bréf kæranda dags. 10. mars 2020 þá sé þar um að ræða málflutningsskjal og beri að líta á það sem slíkt. Vísi þau til framlagðrar greinargerðar J sf. o.fl. til héraðsdóms og Landsréttar auk dóms héraðsdóms Reykjaness í máli kæranda gegn I o.fl. Í þeim gögnum komi fram svör við flestum þeim athugasemdum sem fram komi í fyrrgreindu bréfi kæranda til endurskoðendaráðs.

Þá sé því mótmælt sem röngu, sem fram komi í upphafi fyrrgreinds bréfs, að í athugasemdum kærðu til endurskoðendaráðs hafi verið verulegar rangfærslur varðandi málavexti.

B sé alþjóðlegt stórfyrirtæki sem sinni m.a. endurskoðunar- og ráðgjafarstörfum um allan heim. Um störf þeirra sem starfi hjá B á Íslandi gildi íslensk lög, reglur og siðareglur. Um sé að ræða strangar reglur enda eðli starfa endurskoðenda og ráðgjafa slíkt að strangar reglur séu nauðsynlegar. Vegna aðildar B að hinu alþjóðlega samstarfi hafi aukinheldur verið settar sérstakar alþjóðlegar reglur sem allir starfsmenn B þurfi að fara eftir. Enn strangari reglur gildi síðan um eigendur félagsins. Í alþjóðlegu samstarfi B þar sem orðspor og fagmennska skipti höfuðmáli hafi þeir sem þar starfi ekkert val. Sé reglum ekki fylgt geti það haft afleiðingar hvort sem brot séu talin fela í sér „lítillræði“ eða ekki. Að mati J sf. og kærðu hafi kærandi brotið þessar reglur og hafi það verið ástæða þess að honum hafi verið sagt upp störfum.

Varðandi tilvísun kæranda til 13. liðar í fyrri andmælum kærðu varðandi eign kæranda á hlutabréfum í Sjóvá-Almennum tryggingum hf., bendi kærðu á að óumdeilt sé að hann hafi ekki mátt eiga þau bréf þar sem fyrirtækið hafi verið í endurskoðun hjá B. Það, hvort umrædd bréf hafi verið seld eftir að upp um brotið komst, hafi ekki áhrif á alvarleika þess.

Varðandi tilvísun kæranda til liða 14-19 vísi kærðu einnig til greinargerða fyrir héraðsdómi og Landsrétti. Kærandi geri lítið úr því sem B hafi talið vera brot á þeim reglum sem hann hafi skuldbundið sig til að fylgja með aðild sinni að J sf. Það sem þó sé ekki nefnt í framangreindri umfjöllun sé að kærandi hafi verið eini eigandi J sf. sem orðið hafi uppvís að brotum í alvarleikaflokkum 1-3 á árunum 2014-2016. Það sýni að aðrir eigendur J sf. hafi tekið umræddar reglur alvarlega og gert sitt til að brjóta þær ekki.

Þá kemur fram að vísun kæranda til liða 20-21 sé beinlínis röng þar sem því sé haldið fram að það sé ekki sannleikanum samkvæmt að kærandi hafi ekki mátt árita ársreikninga M ehf. en um það vísist til liða 33-40 í greinargerð J sf. ofl. til Landsréttar. Þá sé því mótmælt sem röngu að það hafi tíðkast hjá B að þeir eigendur sem ekki hafi haft heimildir til áritunar ársreikninga hafi engu að síður áritað þá.

Varðandi liði 22-25 er tekið fram að sé það rangt að kærandi hafi verið aðili að dómsmáli vegna jarðar fjölskyldu hans sé það dregið til baka af hálfu kærðu. Það atriði tengist þó á engan hátt brotum hans á reglum B og þeim hagsmunaárekstrum sem til staðar hafi verið varðandi kröfu hans o.fl. um að starfsleyfi viðskiptavinar B yrði fellt niður. Þá hafi fjárhagslegir hagsmunir tengdir eignarhaldi hans á jörðinni heldur engin áhrif þar á.

Kærandi hafi fengið formlega viðvörðun í janúar 2017 vegna alvarlegra brota á árinu 2016 sem hafi falist í eignarhaldi hans og sona hans í félagi sem honum hafi verið óheimilt að eiga hagsmuni í. Það sé afstaða kærðu að ekki skipti máli hvort um áminningu eða viðvörðun hafi verið að ræða.

Þá kemur fram að kærða H mótmæli sem röngu því sem kallað sé „Yfirlýsing vegna úrskurðar endurskoðendaráðs nr. 2017.001“ þar sem nokkrir fyrrverandi eigendur J sf. virðist staðfesta að hún hafi látið að því liggja á eigendafundi að kærandi hafi lekið trúnaðargögnum. Veki hún athygli á því að enginn umræddra aðila sé lengur eigandi J sf. og allir, að einum undanskildum, eigi í dag í málaferlum við J sf., C ehf. o.fl. Verði að skoða þessar yfirlýsingar með það í huga. Þá sé á það bent að umræddar yfirlýsingar séu fyrst gefnar tæpum tveimur árum eftir fyrrnefndan fund. Annars sé vísað til fyrri athugasemda kærðu hvað þetta atriði varði en umrætt skjal hafi ekkert sönnunargildi.

Þá er þess krafist af hálfu kærðu að fallist endurskoðendaráð ekki á beiðni þeirra um frávísun verði kæranda gert skylt að greiða kærðu málskostnað vegna rekstrar málsins fyrir ráðinu, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun.

### **Niðurstaða**

Atvik þau sem mál þetta varðar urðu, eins og áður hefur komið fram, í gildistíð laga nr. 79/2008 og skal skoða niðurstöður hér á eftir með hliðsjón af því hvort meint brot hafi lútið að störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja samkvæmt þeim lögum eða reglum settum á grundvelli þeirra.

Eins og áður segir höfðaði kærandi dómsmál vegna sömu atvika og hér eru til umfjöllunar. Af hálfu kærðu hans var þess krafist að máli þessu yrði vísað frá þar sem það væri til meðferðar fyrir dómstólum. Eftir skoðun á kröfugerð í dómsmálinu og aðild varnarmegin, var það niðurstaða endurskoðendaráðs að þó að taka mætti undir það að ekki sé venjan að fjalla um mál á stjórnarsýslustigi á meðan þau eru til meðferðar hjá dómstólum, væri hér um að ræða bæði ólíka kröfugerð og aðild, en í dómsmálinu væru gerðar fjárkröfur, vegna tapaðra launatekna, miskabótakrafa og kröfur vegna innlausnarverðs hlutar og hagnaðarhlutdeildar. Þá væru stefndu í dómsmálinu miklu fleiri en kærðu í þessu máli, eða J sf., C ehf., D ehf. og allir meðeigendurnir. Þótti því ekki grundvöllur til að vísa kröfum kæranda frá af þessari ástæðu. Dómur gekk í málinu í Héraðsdómi Reykjaness 7. mars 2019 og var fallist á kröfur stefnanda um bætur vegna tapaðra launatekna að hluta, en öðrum kröfum hafnað. Niðurstöðu héraðsdóms var áfrýjað var til Landsréttar og var dómur kveðinn þar upp 5. júní 2020 og var niðurstaða héraðsdóms staðfest að mestu leyti.

Þrátt fyrir þá niðurstöðu að ekki séu alveg nægar ástæður til að vísa málinu frá endurskoðendaráði af ofangreindri ástæðu, verður litið svo á við úrlausn málsins hjá ráðinu, að fyrir liggi endanleg efnisleg niðurstaða um þau atriði sem fjallað hefur verið um af dómstólum, einkum að því er varðar lögmæti starfsloka kæranda.

Að því sögðu liggur fyrir endurskoðendaráði að taka afstöðu til þess hvort þau atriði sem talin eru í sjö liðum í erindi A frá 21. júní 2017, eigi undir lögsögu ráðsins og ef svo er, hvort þau feli í sér brot á lögum um endurskoðendur nr. 94/2019, sbr. lög nr. 79/2008, eða siðareglum endurskoðenda þannig að gefi tilefni til viðurlaga eða annarra viðbragða af hálfu ráðsins.

Endurskoðendaráð starfar eftir lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, eins og áður hefur komið fram. Samkvæmt 35. gr. laganna er það hlutverk ráðsins að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækji ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, góða endurskoðunarvenju, siðareglur endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Þá er í 3. mgr. 37. gr. laganna áréttað að það sé hlutverk ráðsins að taka ákvörðun um ágreiningsefni sem lúti að störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja samkvæmt lögnum, reglum settur á grundvelli þeirra og góðri endurskoðunarvenju. Samkvæmt 48. og 49. gr. laga nr. 94/2019 er endurskoðendaráði heimilt að beita

tilteknum viðurlögum ef endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki brýtur gegn þeim lögum, reglum settum á grundvelli laganna eða vanrækir alvarlega skyldur sínar að öðru leyti að mati endurskoðendaráðs. Í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem í gildi voru þegar atvik máls þessa áttu sér stað, var að finna sambærilegt viðurlagaákvæði og er í 48. gr. núgildandi laga.

Fyrsti liður í kæru lýtur að því að stjórnarmenn B hafi dreift mjög alvarlegum og ósönnnum ásökunum um A og vegið þannig gróflega að heiðri og heilindum hans. Þetta hafi gerst í tengslum við uppsögn hans, sem áður nefnt dómsmál fjallaði m.a. um. Eins og fram kemur í 3. mgr. 37. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 35. gr. sömu laga, er það hlutverk endurskoðendaráðs að taka ákvörðun um ágreiningsefni sem lúta að störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyritækja samkvæmt lögum, reglum settum á grundvelli þeirra eða siðareglum endurskoðenda. Það álitaefti sem hér um ræðir lýtur að samskiptum endurskoðenda, sem starfræktu saman endurskoðunarfyritæki, sín á milli. Ekki verður séð að þessi meintu brot geti átt undir lögsögu endurskoðendaráðs eins og henni er lýst í tilvitnuðum ákvæðum laga nr. 94/2019, enda sé ekki um að ræða atriði sem tengjast störfum endurskoðenda í skilningi ákvæðanna. Með vísan til framanritaðs er þessum lið vísað frá endurskoðendaráði.

Annar kæruliður varðar uppsögn A og meint brot á ákvæðum ráðningarsamnings milli aðila. Hér verður litið til áður nefnds dóms Landsréttar í máli á milli aðila og verður að telja að tekið hafi verið á þessum atriðum þar, auk þess sem líta verður að svo á að um hér sé að ræða vinnuréttarleg atriði sem aðila greinir á um, frekar en að um sé að ræða störf endurskoðenda eða endurskoðendafyrirtækis, í skilningi 3. mgr. 37. gr. laga nr. 94/2019. Það er afstaða endurskoðendaráðs eins og atvikum máls þessa er háttað að þetta háttarlag falli hvorki undir ákvæði laga, reglna né siðareglna og sé því ekki á valdsviði endurskoðendaráðs að fjalla um það ágreiningsefni, skv. ákvæði 35. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 3. mgr. 37. gr. sömu laga. Með vísan til framanritaðs er þessum lið vísað frá endurskoðendaráði.

Með sömu rökum verður ekki talið að þriðji liðurinn, sem varðar ásakanir um að ekki hafi verið gætt að réttlátri og sanngjarnri málsmeðferð þegar A var sagt upp, geti átt undir lögsögu endurskoðendaráðs, enda hefur Landsréttur fjallað um ágreiningsefnið og komist að niðurstöðu. Með vísan til framanritaðs er þessum lið því sömuleiðis vísað frá endurskoðendaráði.

Fjórði liðurinn varðar þá ákvörðun stjórnarmanna B að vísa A út af sérstökum kynningarfundum með meðeigendum hans þar sem farið hafi verið yfir meint brot hans og honum þannig ekki leyft að skýra mál sitt. Ekki verður séð að slíkt háttsemi geti átt undir valdsvið endurskoðendaráðs, frekar sé þar um að ræða samskipti samstarfsmanna á vinnustað en störf endurskoðenda í skilningi laganna, sbr. 35. gr. og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 94/2019. Með vísan til framanritaðs er þessum lið vísað frá endurskoðendaráði.

Þá er í fimmta lið gerð athugasemd við að H, áhættu- og gæðastjóri B, hafi látið að því liggja í kynningu að A hafi lekið trúnaðargögnum viðskiptavinar, sem sé án vafa eitt alvarlegasta brot sem hægt sé að ásaka endurskoðanda um. Taka má undir að slíkar ásakanir eru mjög alvarlegar og lögð hafa verið fram gögn sem styðja að einhverju leyti þessar fullyrðingar. Hins vegar verður ekki séð að það falli undir ákvæði laga eða siðareglna endurskoðenda og geti því ekki átt undir valdsvið endurskoðendaráðs að fjalla um slíkt, enda frekar um að ræða samskipti á vinnustað og almennar samskiptareglur samstarfsmanna, en störf endurskoðenda í skilningi 35. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 3. mgr. 37. gr. sömu laga. Með vísan til framanritaðs er þessum lið vísað frá endurskoðendaráði.

Þá er í sjötta lið kæru gerð athugasemd við að F hafi ekki vikið úr sæti stjórnarmanns, vegna vanhæfis, við ákvörðun um brottrekstur A, en hann hafi haft beinan fjárhagslegan hag af því að A yrði rekinn frá B. Ekki

verður séð að hér sé um að ræða atriði sem falli undir undir ákvæði laga, reglna eða siðareglna sem eru á valdsviði endurskoðendaráðs skv. 35. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 3. mgr. 37. gr. sömu laga. Með vísan til framanritaðs er þessum lið vísað frá endurskoðendaráði.

Sjöundi liðurinn fjallar um framgöngu E við að vinna gegn því að kærandi geti unnið fyrir sér nema brjóta með því gegn samkeppnishömlum í ráðningarsamningi sem rift hafi verið einhliða á umdeildum og veikum forsendum. Með vísan til þess sem áður kemur fram um niðurstöðu dómsmáls og með vísan til þess að um er að ræða vinnuréttarleg atriði, frekar en störf endurskoðenda í skilningi 35. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 3. mgr. 37. gr. sömu laga, verður ekki talið að þetta atriði geti átt undir valdsvið endurskoðendaráðs. Með vísan til framanritaðs er þessum lið vísað frá endurskoðendaráði.

Af hálfu málsaðila hafa komið fram kröfur um greiðslu málskostnaðar fyrir endurskoðendaráði. Samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 79/2008, getur endurskoðendaráð, ef sérstaklega stendur á að skyldað málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu. Það er afstaða endurskoðendaráðs með hliðsjón af málavöxtum og atvikum máls þessa að öðru leyti að ekki sé tilefni til að fallast á framkomnar kröfur um greiðslu málskostnaðar. Samkvæmt því er kröfum um greiðslu málskostnaðar hafnað.

#### **Ákvörðunarorð:**

Öllum kröfum sem hafðar eru upp í máli þessu er vísað frá endurskoðendaráði.

Kröfum um málskostnað er hafnað.